



## Fundargerð

**Svæðisráð suðursvæðis - 90. fundur svæðisráðs suðursvæðis haldinn á fjarfundi, 11. janúar 2021, kl. 13:00.**

### Fundinn sátu:

Matthildur Ásmundardóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar,  
Friðrik Jónas Friðriksson, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar,  
Hjördís Skírnisdóttir, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar,  
Laufey Guðmundsdóttir, aðalfulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu,  
Sigríður Arna Arnþórsdóttir, aðalfulltrúi Samtaka útivistarfélaga,  
Snævarr Guðmundsson, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamtaka,  
Steinunn Hödd Harðardóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði,  
Hrafnhildur Ævarsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á suðursvæði - Skaftafell,  
Sigurður Óskar Jónsson, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á suðursvæði - Höfn.

### 1. Vakinn - gæðaviðmið vegna íshellaferða - 2012021

Svæðisráð suðursvæðis óskaði eftir samtali við Ferðamálastofu vegna Vakans og sértækra gæðaviðmiða fyrir íshellaferðir.

#### Gestir

Áslaug Briem - Ferðamálastofa - 13:00

*Áslaug Briem sagði frá Vakanum. Svæðisráð og starfsfólk hafði tekið saman spurningar fyrir fundinn. Áslaug fór yfir spurningarnar og svör við þeim og svaraði jafnframt spurningum sem komu fram á fundinum.*

### 2. Íshellaferðir veturinn 2020 - 2021 - 2010011

Fyrir fundinum lágu drög að uppfærðu fyrirkomulagi íshellaferða veturinn 2021/2022.

#### Gestir

Haukur Ingi Einarsson - Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu - 14:00

*Haukur Ingi Einarsson og starfandi þjóðgarðsvörður kynntu stöðu vinnu sem vinnuhópur Vatnajökulsþjóðgarðs og Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu um íshellaferðir hefur unnið. Undirbúningur fyrir næsta umsóknartímabil, veturinn 2021-2022 er hafinn.*

### 3. Atvinnustefna - tillaga um breytingu á samningum - 2101004

Fyrir fundinum lá minnisblað þjóðgarðsvarðar um tillögu að breytingum á samningum um íshellaferðir.

*Þjóðgarðsvörður lagði fram minnisblað með tillögu um að fallið verði frá hámarksfjölda sæta á hvert fyrirtæki fyrir yfirstandandi tímabil. Svæðisráð mælir með því að tillagan verði samþykkt í stjórn.*

#### **4. Jökla og eldfjallaferðir ehf - Beiðni um fleiri úthlutuð sæti á Falljökli - 2012029**

Fyrir fundinum lá ósk frá Jökla og eldfjallaferðum ehf. um aukningu á úthlutuðum fjölda gesta sem fyrirtækinu er heimilt að fara með í ferðir á Falljökul/Virkisjökul.

*Svæðisráð vísar til afgreiðslu 3. máls fundarins, Atvinnustefna - tillaga um breytingu á samningum.*

#### **5. BH - Ósk um leyfi fyrir flugeldasýningu á Jökulsárlóni 2021 - 2012022**

Fyrir fundinum lá erindi frá Björgunarfélagi Hornafjarðar um leyfi til flugeldasýningar á Jökulsárlóni árið 2021, eða til næstu fimm ára.

*Svæðisráð gerir sér grein fyrir mikilvægi flugeldasýningarinnar fyrir Björgunarfélag Hornafjarðar sem er ein helsta fjáröflun félagsins. Björgunarfélagið kemur að björgun og aðstoð ferðamanna innan þjóðgarðsins og hefur samstarfið verið gott. Svæðisráð mælir með því að Björgunarfélag Hornafjarðar fái leyfi til flugeldasýningar til næstu fimm ára, eða til ársins 2025.*

*Að auki hvetur svæðisráð til þess að Björgunarfélag Hornafjarðar og starfsmenn Vatnajökulspjóðgarðs taki höndum saman og leiti umhverfisvænni leiða við slíka viðburði til framtíðar.*

Þjóðgarðsvörður vék af fundi undir þessum lið.

#### **6. Bréf frá starfsmönnum í Skaftafelli og Breiðamerkursandi - 2012018**

Fyrir fundinum lá erindi frá starfsmönnum í Skaftafelli og á Breiðamerkursandi um húsnæðismál í Skaftafelli.

*Frestað til næsta fundar.*

#### **7. Tröllafærðir ehf. - Umsókn um atvinnutengda starfsemi - Siglingar á Jökulsárlóni - 2012024**

Fyrir fundinum lá umsókn frá Tröllafærðum ehf. um atvinnutengda starfsemi á Jökulsárlóni.

*Ekki hefur orðið breyting á stöðu mála við Jökulsárlón frá því að fyrri umsókn var afgreidd. Innleiðing atvinnustefnu Vatnajökulspjóðgarðs er ekki lokið og gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðið er í einnig í vinnslu. Auk þess er núverandi athafnasvæði þröngt og býður ekki upp á frekari atvinnustarfsemi, nema með röskun út fyrir núverandi athafnasvæði. Í ljósi þessa getur svæðisráð ekki mælt með að veitt sé leyfi fyrir frekari starfsemi á svæðinu.*

**Fundargerð ritaði:** Sigurður Óskar Jónsson, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

Fundi slitið kl. 15:00.